

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 2/2005 um kóðun neyðarsenda á tíðninni 406 Mhz.

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og til ákvæða reglugerðar nr. 326/2000 um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands, hefur Flugmálastjórn ákveðið að allir neyðarsendar á tíðninni 406 Mhz í loftförum skráðum á Íslandi skuli kóðaðir samkvæmt sérstökum reglum.

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands). Hún kemur í stað ákvörðunar nr. 4/2003, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1048/2003 sem fellur úr gildi.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 4. febrúar 2005.

Borgeir Pálsson flugmálastjóri.